

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um notkun á íslensku máli í veðurfréttum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hefur Veðurstofa Íslands markað sér stefnu um notkun íslenskra orða um veður og veðurfar?
2. Hvaða rök lágu að baki þeirri ákvörðun Veðurstofu Íslands að taka upp metra á sekúndu í stað vindstiga og orða sem lýsa vindstyrk eins og „hægur“, „gola“, „kaldi“, „stinningskaldi“, „hvass“ o.s.frv. í veðurspám og veðurfréttum?